

Fimmtudaginn 29. maí 1997.

Nr. 81/1997.

Ákærvaldið(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn**Jóhönnu Rut Birgisdóttur**

(Hilmar Ingimundarson hrl.)

Þjófnaður. Greiðslukort. Reynslulausn. Ítrekun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómaramirnir Hrafn Bragason, Gunnlaugur Claessen og Hjörtur Torfason.

Málinu hefur verið skotið til Hæstaréttar með stefnu 18. febrúar 1997 að ósk ákærðu og einnig af hálfu ákærvaldsins. Um tilgang áfrýjunar skírskotar ákærða til a-, b- og c-liðar 147. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, sbr. lög nr. 37/1994.

Ákærvaldið krefst þess, að héraðsdómur verði staðfestur um sakfellingu ákærðu ásamt því, að refsing fyrir brot hennar verði ákveðin í einu lagi með 240 daga eftirstöðvum fangelsisrefsingar, sem hún var leyst frá til reynslu 22. desember 1995. Jafnframt verði refsingin þyngd.

Ákærða krefst aðallega sýknu af öllum kröfum ákærvaldsins, en til vara þess, að refsing á hendur sér verði milduð.

I.

Í ákæru 6. september 1996 er ákærða sökuð um þjófnað samkvæmt 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 með því að hafa notað stolið debetkort, sem hún hafði tekið við úr hendi S ásamt upplýsingum um leyninúmer bankareikningsins, er því var tengdur, til að tileinka sér 23.500 krónur, sem hún tók út af reikningnum með kortinu 30. júní 1996 í hraðbanka á Ísafirði. Ákærða kveðst sjálf hafa eyðilaggt kortið eftir þessa notkun og hent því í ruslatunnu á leið sinni. Styður það ekki þá skýringu hennar, að hún hafi talið notkun kortsins heimila gagnvart eiganda þess. Verður á það að fallast með héraðsdómara, að skýringin sé haldlaus, og ber að staðfesta sakfellingu ákærðu fyrir þennan verknað á grundvelli framkominna gagna.

II.

Í ákæru 17. september 1996 er ákærða sökuð um brot gegn 244. gr. almennra hegningarlaga með því að hafa brotist inn í tvær íbúðir að Hátúni 33 í Reykjavík 26. mars 1996 í félagi við E og stolið þaðan margvíslegum verðmætum, sem borin voru af staðnum í töskum og plastpokum. Fullsannað er með framburði vitnanna Jóhanns Harðarsonar og Guðbjörns Óskarssonar, að karl og kona voru þarna að verki og fóru frá húsinu að fjölbýlishúsinu Hátúni 6, þar sem ákærða átti heimili sitt. Fannst þýfið í því húsi, þegar lögregla kom á vettvang, inni í þurrkara í þvottahúsi í kjallara þess.

Fyrir dómi treystust þessi vitni ekki til að fullyrða, að ákærða og E væru þeir tvímenningar, sem þau hefðu séð í þetta sinn. Framburður vitnanna fyrir dómi og við lögreglurannsókn veitir þó eindregna vísbendingu um, að svo hafi verið. Þannig taldi Jóhann sig hiklaust þekkja E úr hópi manna á ljósmyndaspjaldi, sem honum var sýnt hjá lögreglu skömmu eftir atburðinn. Jafnframt taldi hann sig bera kennsl á ákærðu á því myndaspjaldi, sem sýnt var vegna hennar, þótt hann væri þar ekki jafnviss í sinni sök. Vitnið Guðbjörn taldi sig þekkja E og ákærðu, þegar þau voru leidd frá Hátúni 6 út í lögreglubífreid ásamt öðrum pilti og stúlku, sem gist höfðu í íbúð hennar. Jafnframt sagði hann viðstöddum lögreglumönnum, að þau E hefðu skipt um föt, frá því að hann sá þau áður. Fer það saman við frásögn hinnar stúlkunnar, Guðbjargar Ingu Guðjónsdóttur, af atburðum inni í íbúðinni.

Um aðild ákærðu og E að innbrotinu er það einnig til marks, að vitnið Guðbjörg Inga hefur staðfest fyrir dómi, að hún hafi vaknað við það, að þau voru að leita inngöngu í íbúðina, um stundarfjórðungi áður en lögregla kom á staðinn. Hafi hinn pilturinn þá hleypt þeim inn um kjallaradyr á húsinu.

Þegar framburður þessara vitna er virtur ásamt því, sem við blasir um innbrotsstaðinn og fundarstað þýfisins, verður á það að fallast með héraðsdómara, að full sönnun sé fram komin um þann verknað, sem ákærðu er gefinn að sök, sbr. 46. gr. laga um meðferð opinberra mála. Er þá einnig litið til þess, sem fram er komið um afstöðu meðákærða E til málsins.

Í hinum áfrýjaða dómi er refsing ákærðu ákveðin með tilliti til þess, að hún rauf skilorð reynslulausnar frá 22. desember 1995. Hún hefur áður orðið sek um mörg auðgunarbrot, og eiga brot hennar samkvæmt dómum frá 10. september og 8. nóvember 1991 og einnig 7. febrúar 1995 að hafa áhrif á refsingu í máli þessu, sbr. 255. gr. almennra hegningarlaga. Telst refsingin hæfilega ákveðin fangelsi 15 mánuði.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað, að því er ákærðu varðar.

Ákærða greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, eins og um er mælt í dómsorði.

D ó m s o r ð :

Ákærða, Jóhanna Rut Birgisdóttir, sæti fangelsi 15 mánuði.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um sakarkostnað á að vera óraskað, að því er ákærðu varðar.

Ákærða greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 25.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmar Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 25.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 30. desember 1996.

Ár 1996, mánudaginn 30. desember, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Péttri Guðgeirssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í sakamálinu nr. 755/1996: Ákærvaldið gegn E og Jóhönnu Rut Birgisdóttur, sem tekið var til dóms 19. sama mánaðar.

Málið er höfðað með tveimur ákærum ríkissaksóknara á hendur ákærðu, E,, Reykjavík, og Jóhönnu Rut Birgisdóttur, kt. 140670-510, Tungötu 15, Ísafirði.

Með hinni fyrri, sem dagsett er 6. september sl., er ákærðu Jóhönnu Rut gefið að sök að hafa í félagi við S stolið 23.500 kr. af reikningi Kristlaugar Ólafsdóttur, kt. 140122-351, nr. 2703 hjá Íslandsbanka, Dalbraut 10 í Reykjavík, með því að nota debetkort Kristlaugar og leyninúmer reikningsins, sem S hafði komist yfir með þjófnaði, en fé þetta hafi hún tekið út í hraðbanka í Íslandsbanka á Ísafirði 30. júní sl.

Með hinni síðari, dagsettri 17. september sl., fyrir skjalafals og þjófnað í Reykjavík, nema annars sé getið.

III.

Þjófnaður.

Ákærðu, E og Jóhönnu Rut, er gefið að sök að hafa þriðjudaginn 26. mars 1996 brotist inn í íbúðirnar á neðri og efri hæð að Hátúni 33 og stolið þaðan geislaspilara, spennubreyti, tveimur símtækjum, skartgripaskríni, perlufesti, þremur gullhringum, gylltum skyrtuhnöppum, gylltri bindisnælu, gylltri brjóstnælu, gullarmbandi, tveimur gullhálскеðjum, gullhálsmeni með perlu, silfurskildi, perlueyrnalökkum, gylltu kvenarmbandsúri, tveimur myndbandstækjum, fjarstýringu fyrir myndbandstæki, 41 geisladiski, fjórum flöskum af sterku áfengi, sex bjórdósum, leðurbelti, þremur peysum, fjórum töskum, seðlaveski, dkr. 100,-, 32 sprittkertum, borðklukku, filófaxi, tveimur bastkölfum, toppi, ferðasjónvarpstæki, tveimur rekkum fyrir geisladiska, úlpu og flíspeysu, allt að verðmæti um 314.450 kr.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga.

IV.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmd til refsingar.

Eftirtaldir aðilar gera þær kröfur, að ákærðu verði dæmd til greiðslu skaðabóta, sem hér greinir:

Krafa á hendur E og Jóhönnu Rut Birgisdóttur.

Vátryggingafélag Íslands hf., Ármúla 3, Reykjavík, 45.600 kr. auk vaxta samkvæmt 7. gr. vaxtalaga frá 26. mars 1996, en síðan dráttarvaxta samkvæmt III. kafla vaxtalaga til greiðsludags.

I.

Málavextir.

Fyrir liggur, að S fyrrnefndur stal debetkorti Kristlaugar og afhenti það ákærðu. Hefur hún kannast við að hafa notað kortið á Ísafirði, eins og rakið er. Hún segir hins vegar, að þetta hafi verið gert í góðri trú, því að S hafi rétt sér kortið og skrifað fyrir sig leyninúmerið. Hafi S verið búinn að segja sér, að hann hefði heimild til að nota þetta kort, og beðið ákærðu að skila sér kortinu aftur. Hafi S gert þetta, rétt áður en hún flaug vestur á Ísafjörð, og einnig sagt, að inni á reikningnum væru 23.500 krónur. Segir hún, að þau S hafi verið samtímis í fangelsi og hún lánað honum peninga fyrir fötum og hann verið að greiða þá skuld með þessu. Ákærða segist þó hafa farið til lögreglunnar á Ísafirði og sagt henni frá þessu, en þá hefði hún verið búin að fréttá það að sunnan, að S væri í einhverjum „vondum málum“. Ákærða

segist hafa talið, að eigandi kortsins væri móðir S og hann hlyti að hafa heimild til að taka út á það, úr því að hann vissi leyninúmerið. Ákærða segist hafa vitað, að við hraðbankann væru myndavélar, sem tækju myndir af þeim, sem ættu skipti við hraðbankann.

S hefur sagt, að hann hafi látið meðákærðu fá kortið ásamt leyninúmeri, sem fylgdi því. Viti hann ekkert, hvað hún hafi gert með kortið. Fyrir dómi hefur komið fram hjá honum, að hann hafi látið ákærðu fá kortið „með því hugarfari“, að hún skilaði því réttum eiganda, og hafi hann beðið hana að skila því. Hjá lögreglu hafði hann hins vegar sagt, að hann hefði látið ákærðu fá kortið í einskæru greiðaskyni, og hefði hann skuldað henni peninga. Gaf hann nú þá skýringu, að hann hefði verið í neyslu og rugli, þegar hann gaf skýrsluna, en vildi nú, að hið rétta kæmi fram. Væri það rangt, að hann hefði skuldað henni peninga.

Niðurstaða.

Viðbára ákærðu um, að hún hafi ekki vitað, að debetkortið væri illa fengið, er fráleit, og ber að hafna henni. Er ákærða orðin sek um þjófnað með því að taka féð út af reikningnum, og hefur hún brotið gegn 244. gr. almennra hegningarlaga.

II.

III.

Þriðjudaginn 26. mars sl. var brotist inn í tvær íbúðir í húsinu nr. 33 við Hátún hér í borg og stolið þaðan margvíslegum verðmætum. Lögreglan fór á vettvang, eftir að sjónarvottur, Jóhann Harðarson, hafði gert viðvart um pilt og stúlku, sem hann hefði séð rogast með poka og töskur í áttina frá húsinu nr. 31 eða 33 við Hátún og yfir þá götu að stóru fjölbýlishúsi, sem er nr. 6. Hefði maður hleypt þeim þar inn um kjallaradyr. Ákærðu voru handtekin í íbúð nr. 10 auk tveggja annarra. Annar sjónarvottur gaf sig fram við lögreglu þarna við húsið og kvaðst hafa séð pilt og stúlku ganga frá húsinu nr. 6 að nr. 33, og hefðu þau hegðað sér undarlega. Í þvottahúsi í kjallaranum á nr. 6 fundust inni í gömlum þurrkara þrjár töskur og poki með þeim varningi, sem ákært er fyrir.

Ákærða hefur frá upphafi neitað því að hafa verið þarna að verki. Hefur hún skýrt svo frá, að hún hafi farið út kl. 7 um morguninn þennan dag og verið komin heim eftir á að giska 45 mínútur. Þá hafi hún farið að sofa ásamt meðákærða og verið sofandi, þegar lögreglan kom og knúði dyra.

Hafi meðákærði verið við hlið hennar, þegar hún vaknaði. Kveðst hún ekki vita, hver hafi verið þarna að verki. Ákærða segir meðákærða hafa verið í mikilli fíkniefnaneyslu á þessum tíma.

Skýrsla var tekin af ákærða undir kvöld þennan dag, og játaði hann að hafa verið þarna að verki. Hann kvaðst hafa verið staddur í íbúð ákærðu í Hátúni 6. Þar hafi einnig verið gestkomandi Júlíus K. Thomassen og Guðbjörg I. Guðjónsdóttir, og hefðu þau öll verið að neyta fíkniefna frá því á laugardeginum áður. Hann hefði svo farið út, hugsanlega ásamt kvenmanni. Hefðu þau gengið um hverfið og ákveðið skyndilega að brjótast inn í tvílyft íbúðarhús við Hátún. Kvað hann þau hafa brotist þarna inn með því að brjóta rúðu í útihurð, hann og kvenmaðurinn, sem hann vildi ekki nafngreina. Hefðu þau farið um allt húsið og tekið marga geisladiska og áfengi, vodka, en hann mundi ekki nánar, hvað þau tóku. Hann sagði þau hafa burðast með þýfið í íþróttatöskum rakleidis yfir að Hátúni 6, þar sem einhver þeirra, sem voru í íbúð ákærðu, hefði hleypt þeim inn um bakdyr. Fyrir dómi hefur ákærði neitað að hafa verið þarna að verki. Hann segist ekkert vita um þennan þjófnað. Hann segist hafa verið í mikilli óreglu á þessum tíma og muna eftir sér á lögreglustöðinni. Annað muni hann ekki frá þessum tíma.

Gylfi Gylfason rannsóknarlögreglumaður yfirheyrði ákærða, E, vegna innbrotisins í Hátún 33. Hann segir ákærða hafa verið „áttaðan“ og vitað, hvað á seyði var. Kveðst hann hafa byrjað á að gera ákærða grein fyrir, um hvað yfirheyrslan snerist og hvort hann kannaðist við það tilefni. Ákærði hafi gert það og auk þess nefnt einhvern kvenmann, sem hann vildi ekki nafngreina, og fannst vitninu ákærði vera í vandræðum með það allt.

Júlíus K. Thomassen hefur skorast undan vitnisburði í málinu, en þau ákærða eru sambýlisfólk.

Guðbjörg Inga Guðjónsdóttir hefur skýrt frá því, að hún hafi verið steinsofandi, þegar lögreglan kom til þeirra í Hátún 6. Hún segist muna eftir Júlíusi hjá sér, en ekki muna eftir fleirum þarna í íbúðinni. Reyndar segist hún muna eftir því að hafa vaknað við það, að ákærðu hafi verið að kasta steinum í gluggarúðuna og kalla í hana. Minnir hana, að Júlíus hafi farið niður og opnað fyrir þeim og þau komið upp og haft meðferðis koníaksflösku. Segist hún halda, að ákærðu hafi skipt um föt, eftir að þau komu inn. Lögreglan hafi svo komið 10–15 mínútum seinna.

Jóhann Harðarson, sem fyrr er nefndur, hefur skýrt frá því, að hann hafi verið að aka bíl út frá Nóatúnsversluninni og beygt út í Nóatún, þegar hann sá karlmann og kvenmann hlaupa frá tvílyftu húsi við Hátún og yfir götuna. Hafi sér fundist fólkíð hegða sér grunsamlega og því fylgst með því nokkra

stund og svo látið lögregluna vita. Fólkið hefði haldið á plastpokum eða töskum með einhverju í. Stúlkan hefði verið á undan og borið fþróttatösku í annarri hendi, en plastpoka í hinni. Maðurinn, sem hafi hlaupið á eftir henni, hafi haldið á töskum eða pokum. Fólkið hafi hlaupið inn á bílastæði við háhýsi handan götunnar. Hann kveðst hafa fylgst með fólkinu, sem hafi reynt að fela sig á bak við bíl þarna á stæðinu, en síðan gengið með vesturhlið háhýsisins. Hafi hann þá fært sig til þess að fylgjast með fólkinu og séð, að það stóð við suðurhlið hússins og var að benda upp í glugga til einhvers. Kveðst hann þá hafa farið yfir í verslunina Nóatún og látið lögreglu vita af þessu. Vitnið var fengið til þess að skoða ljósmyndasafn lögreglu og tók þá út myndir af ákærðu báðum. Kvaðst hann vera viss um, að ljósmynd af ákærða væri af þeim, sem hann sá umrætt sinn, en myndin af ákærðu líktist kvenmanninum, sem hann sá, þótt hann væri ekki viss. Kveðst hann ekki hafa séð hana eins vel og manninn. Vitnið hefur séð ákærðu í dóminum, en kveðst ekki geta fullrytt um það, hvort þar sé komið fólkið, sem hann sá í Hátúni. Segir hann fjarlægðina milli sín og fólksins hafa í fyrstu verið um 50 metra, en seinna hafi hún orðið miklu minni.

Vitnið Guðbjörn Óskarsson hefur skýrt frá því, að hann hafi séð mann og konu ganga frá Hátúni 6 yfir götuna að húsinu nr. 33 um hálfþólfleytið. Hann hafi svo brugðið sér frá og komið aftur um tólfleytið. Hafi lögreglan þá verið að leiða fólk út úr húsinu nr. 6 og lögreglumenn spurt sig, hvort hann þekkti eitthvað af þessu fólki sem það fólk, er hann hefði séð fara yfir götuna. Kveðst vitnið þá hafa bent á mann og konu úr hópnum, sem hann taldi vera það fólk. Hefði fólkið þá verið búið að skipta um fót. Vitnið hefur séð ákærðu í dóminum, en kveðst ekki vilja fullyrða um það nú, hvort þar sé komið fólkið, sem hann sá í Hátúni. Hann segir fleira fólk hafa verið þarna í höndum lögreglunnar, einnig pilt og stúlku.

Niðurstaða.

Ákærði hefur ekki gefið trúlega skýringu á því, að hann hefur horfið frá játningu sinni hjá lögreglu. Telja verður sannað með þeirri játningu hans svo og skýrslum vitnanna Jóhanns Harðarsonar, Guðbjarnar Óskarssonar og Guðbjargar Ingu Guðjónsdóttur, að þau ákærða, Jóhanna Rut, hafi brotist inn í Hátún 33 og stolið þeim verðmætum, sem ákært er fyrir. Hafa þau með þessu orðið sek við 244. gr. almennra hegningarlaga.

Bótakrafa VÍS er óljós, og er henni vísað frá dómi.

Viðurlög, sakarkostnaður.

— — —

Ákærða, Jóhanna Rut, hefur frá árinu 1989 hlotið sjö dóma fyrir hegningarlagabrot. Þá var hún árið 1991 sektuð tvisvar, fyrst fyrir fíknilagabrot,

en síðan fyrir umferðarlagabrot. Hinn 22. desember 1995 hlaut hún reynslulausn af 240 fangelsisdögum til tveggja ára, og hefur hún rofið skilorð reynslulausnarinnar. Ber að dæma hana upp og gera ákærðu refsingu í einu lagi. Þykir hún hæfilega ákveðin fangelsi í tólf mánuði.

Dæma ber ákærða, E, til þess að greiða verjanda sínum, Kristjáni Stefánssyni hrl., 55.000 krónur í málsvarnarlaun og ákærðu, Jóhönnu Rut, til þess að greiða verjanda sínum, Hilmar Ingimundarsyni hrl., 50.000 krónur í málsvarnarlaun.

Pá ber að dæma ákærðu til þess að greiða óskipt annan sakarkostnað, þar með taldar 40.000 krónur í saksóknarlaun til ríkissjóðs.

D ó m s o r ð:

Ákærði, E, sæti fangelsi í 6 mánuði.

Ákærða, Jóhanna Rut Birgisdóttir, sæti fangelsi í 12 mánuði.

Ákærði, E, greiði verjanda sínum, Kristjáni Stefánssyni hrl., 55.000 krónur í málsvarnarlaun og ákærða, Jóhanna Rut, verjanda sínum, Hilmar Ingimundarsyni hrl., 50.000 krónur í málsvarnarlaun.

Ákærðu greiði óskipt annan sakarkostnað í málinu, þar með taldar 40.000 krónur í saksóknarlaun til ríkissjóðs.
